

5. gr.

Verði starfrækslu stofnunarinnar (heimilisins) hætt, skal eignum hennar varið í þágu vangefinna, sbr. 3. gr. hér að framan.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal skipa annan af tveim endurskoðendum stofnunarinnar (félagsins) svo og varamann hans.

Reykjavík, 6. maí 1965.

Stjórn styrktarfélagssins Tjaldaness.

Olgeir Bárðarson.

Friðfinnur Ólafsson.

H. Sigurðsson.

Sig. Magnússon.

F. h. Kristins Olsen,

Friðfinnur Ólafsson.

30. apríl 1965.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um starfskjör á póst- og símstöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja hinu almenna launakerfi og reglum starfsmanna ríkisins skv. dómi Kjaradóms, fá ársþóknun til reksturs pósts og síma á eftirtöldum stöðvum, svo sem hér segir:

kr. 100 000: Póst- og símstöðvar: Breiðdalsvík, Borgarfjörður.

kr. 96.000: Póst- og símstöðvar: Fosshóll, Hrisey, Króksfjarðarnes, Reykholt, Súðavík, Varmahlíð (Skag.).

kr. 91.000: Póst- og símstöðvar: Eiðar, Staðarhóll.
Símstöðvar: Breiðamýri, Galtafell.

kr. 85.000: Póst- og símstöðvar: Innsta Tunga, Skútustaðir, Svignaskarð, Þykkvibær.
Símstöðvar: Stöðvarfjörður.

kr. 80 000: Póst- og símstöðvar: Eyrarkot, Hjalteyri, Neðri Brunná, Skarðshlíð, Svalbarðseyri.
Símstöðvar: Ásgarður (Grímsnesi), Hvanneyri.

kr. 75 000: Póst- og símstöðvar: Arnarstapi (Mýras.), Ásar, Bakkafjörður, Dranganes, Fossvellir, Grenivík, Húsatóftir, Síðumúli, Skógar.
Símstöðvar: Munkaþverá, Mælifell.

kr. 68 000: Póst- og símstöðvar: Bólstaðarhlíð, Bægisá, Hvammur (Hafnir), Minni Borg.
Símstöðvar: Gaulverjabær.

kr. 61 000: Póst- og símstöðvar: Ás, Ásgarður (Dalas.), Bifröst, Seljaland, Skarð, Stóru Akkrar.
Símstöðvar: Hjarðarfell, Hnausar.
Póststöðvar: Stöðvarfjörður, Vík.

kr. 54 000: Póst- og símstöðvar: Djúpavík, Hallormsstaður, Hjaltastaður, Kirkjuból, Staðarfell.
Símstöðvar: Bessastaðir, Haganesvík, Varmahlíð (Rang.).
Póststöðvar: Einarsstaðir, Haganesvík.

Við þessa ársþóknun, sem er miðuð við 1. júlí 1963, bætist hliðstæð hækkun og síðan hefur orðið á launum starfsmanna ríkisins, sem taka laun samkvæmt dóms-orði Kjaradóms. Enn fremur bætist við hana orlofsfé.

Í þóknuninni er fólgin greiðsla fyrir aðstoð vegna forfalla.

Á þessum stöðvum má setja það sem skilyrði, að stöðvarstjóri sjái fyrir hús-næði, ljósi, hita og ræstingu gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til næsta skattstjóra og svo áfram til ríkis-skattanefndar.

Ef þjónustutími einhverra framangreindra stöðva er lengdur umfram það sem að ofan getur, eða ef viðskiptamagnið reiknast meira en sem svarar fullu starfi eins manns, getur póst- og símamálastjórnin heimilið greiðslu fyrir aðstoð.

2. gr.

Þóknun fyrir rekstur stöðva, þar sem þjónustutími er 2 eða 4 stundir á virkum dögum og 3 stundir á helgidögum er, sem hér segir:

1. Föst ársþóknun: kr. 5 500.00, ef þjónustutíminn er 2 stundir á virkum dögum, en kr. 11 000.00, ef þjónustutíminn er 4 stundir á virkum dögum.
2. Kr. 6.00 fyrir hvert útfarið viðtalsbil í símtölum eða hvert útfarið símskeyti, og eru þjónustusímtöl og þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.
3. Kr. 200.00 á ári fyrir hvern símanotanda.

Við ofanefnda heildarþóknun, sem er miðuð við 1. janúar 1965, bætist orlofsfé og vísitöluuppbót. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir hús-næði, ljós, hita og ræstingu svo og forföll.

3. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofanefndra stöðva eftir því sem nauðsynlegt þykir.

4. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða af póst- og símamálastjórninni annað hvort ár og ný reglugerð sett af ráðherra, ef um verulegar breytingar er að ræða.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöður verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinnar fer fram, ákveður póst- og símamálastjórnin til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8/1935 og öðlast þegar gildi. Reglugerð nr. 50/1959, um launakjör á símsstöðvum og póstaftgreiðslum er fallin úr gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 30. apríl 1965.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.